

Mánudaginn 30. jan. 1922.

Nr. 25/1921. **Árni J. Hafstað og Jón Jónsson**
 gegn
 Kristni P. Briem.

Dómur hæstarjettar

Málssókn þessi fellur niður. — Áfrýjendur, Árni J. Hafstað og Jón Jónsson, er eigi mættu í málinu, greiði 50 kr. aukagjald til rikissjóðs, ef þeir af nýju vilja fá mál sitt tekið fyrir í hæstarjetti.

Miðvikudaginn 15. febr. 1922.

Nr. 20/1921. **Matthías Þórðarson**
 (L. Fjeldsted)
 gegn

Eiríki Torfasyni, Jóni Bjarnasyni, Árna G. Þóroddssyni, Ófeigi Ófeigssyni, Eyjólfu Guðlaugssyni og Símoni Guðmundssyni.
 (Enginn).

Landamerkjамál. Ómerkingardómur.

Dómur merkjadóms Gullbringu og Kjósarsýslu 21. júlí 1921: Landamerki milli jarðarinnar Keflavíkur í Keflavíkurbreppi og svo nefndra Leirujarða í Gerðahreppi í Gullbringusýslu skulu vera: Úr miðri „Grót“, fyrir vestan túnið í Keflavík; þaðan bein lína til „Keflavíkurborgar“; þaðan í vörðuna „Kölk“ á Háaleiti og þaðan í svo nefnda „gömlu þúfu“ á Háaleiti.

Málaskostnaður, samtals kr. 322,00, greiðist að helmingi af eiganda jarðarinnar Keflavíkur, en að helmingi af eigendum Leirurjarða.

Dómur hæstarjettar.

Hinir stefndu hafa eigi mætt í hæstarjetti, enda þótt þeim hafi verið löglega stefnt. Hefir málið því verið rekið samkv. 1. lið 38. gr. hæstarjettarlaganna, og er dæmt samkv. N. L. 1.—4.—32. og 2. gr. tilsk. 3. júní 1796.

Málið er landamerkjамál og var dæmt í merkjadómi Gullbringu- og Kjósarsýslu 21. júlí f. á. af sýslumanni og tilkvöddum meðdómsmönnum, en gjörðir merkjadómsins bera það eigi með sjer, að meðdómsmennirnir hafi unnið eið eða drengskaparheit áður en þeir leystu þetta dómstarf af hendi.

Það er nú að vísu engin bein fyrirmæli um það í landamerkjälögum nr. 41, 28. nóv. 1919, eins og hinum eldri landamerkjälögum frá 1882, að með dómsmenn í landamerkjамálum skuli vinna eið, en eiðtaka dómsmanna hefir frá fornu fari verið almennt regla í íslensku rjettarfari, enda sýna athugasemdir stjórnarinnar við 19. gr. frumvarps til fyrnefndra laga nr. 41 1919, að eigi hefir verið til þess ætlast að gjöra neina breytingu á hinum eldri lögum að öðru leyti en því að drengskaparheit komi í stað eiðs, sbr. 1. gr. laga nr. 29., 11. júlí 1911. Hjer við bætist, að eiður er lögmæltur í líku tilfelli, sbr. 5. gr. laga nr. 35, 2. nóv. 1914.

Samkvæmt þessum almennu reglum löggjafarinnar ber að láta meðdómsmenn í landamerkjамálum vinna eið, áður en þeir taka til starfa, og þar sem það, eins og áður segir, sjest eigi í dómsgjörðunum að meðdómsmennirnir hafi unnið slíkan eið,

verður ex officio að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og meðferð málsins fyrir merkjadóminum, heimvísa málinu og skylda merkjadóminn til að taka málið upp að nýju.

Málskostnað fyrir hæstarjetti greiði stefndu áfrýjanda og ákveðst hann 150 kr.

Því dæmist rjett vera:

Hinn áfrýjaði dómur og meðferð málsins fyrir merkjadóminum á að vera ómerk og vísað málinu heim til nýrrar og löglegrar meðferðar.

Stefndu, Eiríkur Torfason, Jón Bjarnason, Árni G. Þóroddsson, Ófeigur Ófeigsson, Eyjólfur Guðlaugsson og Símon Guðmundsson, greiði, allir fyrir einn og einn fyrir alla, áfrýjanda Matthíasi Þórðarsyni 150 kr. í málskostnað fyrir hæstarjetti, að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 22. febr. 1922.

Nr. 24/1921.

Valdstjórnin

(Jón Ásbjörnsson)

gegn

Hans Hirtz

(Björn P. Kalman).

Brot á 1. og 5 gr. laga nr. 91/1917, um aðflutningsbann á áfengi

Dómur lögreglurjettar Siglufjarðarkaupstaðar 21. sept. 1921: Kærður, skipstjóri Hans Hirtz,